

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar

Veiðimálastofnunar, 1991.

Magnús Jóhannsson

Selfossi apríl 1992. VMST-S/92002

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD
Eyrarvegi 21, 800 Selfossi.

Efnisvfirlit.

	Bls.
Helstu verkefni.....	1
Veiðivötn	1
Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár	1
Vatnasvæði Hróarholtslækjar	1
Lífshættir sjóbirtings	2
Úttekt á fiskræktar- og fiskeldismöguleikum í Skaftárhreppi	2
Hafbeit á sjóbirting og sjóbleikju í Dyrhólaós	3
Önnur verkefni	3
Ritaskrá 1991	5

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar. 1991.

Veiðimálastofnun annast rannsóknir og ráðgjöf í fiskrækt og fiskeldi. Á árinu starfaði einn fiskifræðingur við Suðurlandsdeild en auk þess rannsóknarmaður í hálfu starfi 8 mánuði af árinu og líffræðingur í 4 mánuði.

Helstu verkefni.

Veiðivötn.

Haldið var áfram rannsóknum í Veiðivötnum en deildin hefur haft með höndum rannsóknir í Veiðivötnum frá árinu 1985. Rannsóknirnar eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafréttar.

Áð þessu sinni voru 8 vötn athuguð. Rannsóknirnar hafa sýnt að nýliðun urriðanna er takmörkuð. Á grundvelli rannsókna hafa verið ráðlaðt að sleppa seiðum. Í rannsóknarveiðunum í sumar kom talsvert fram af sleppifiski. Seiðasleppingar hafa gefið áþreifanlegan árangur og aukið verulega veiði í vötnunum. Veiðivötn voru til skamms tíma hrein urriðavötn en á síðari árum hefur bleikja borist í öll þau vötn sem hafa samgöng við Tungnaá. Bleikjan sækir stöðugt á kostnað urriðans. Reynt er að sporna við fjölgun bleikjunnar með veiðum og virðist það hafa skilað árangri. Í sumar var safnað sýnum vegna stofnarannsóknna í Veiðivötnum sem írskur vísindamaður vinnur að. Komið hefur í ljós að urriðinn í Veiðivötnum er af frumgerð sem nam land frá sjó stuttu eftir ísöld. Slíka stofna þarf að varðveita þar sem þá er að finna hreina á fáum stöðum í heiminum.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Á árinu var haldið áfram rannsóknum á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Rannsóknir þessar hófust árið 1985. Þær rannsóknir eru unnar fyrir Veiðifélag Arnesinga. Meginmarkmið þeirra er að kanna ástand seiðastofna á vatnasvæðinu með sérstakri áherslu á lax. Seiðarannsóknirnar hafa sýnt að tiltölulega sterkur árgangur gekk til sjávar sl. vor, einkum á neðanverðu vatnasvæðinu. Þetta ætti að öllu eðlilegu að gefa aukningu í veiði á smálaxi á næst sumri. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með seiðasleppingar og hefur hluti seiðanna verið merktur. Á sl. sumri skiluðu merkt gönguseiði sér óvenju vel. Af rúmum 4500 seiðum sem sleppt var í Brúará komu fram 66 laxar sem gerir 1,5 % endurheimtur í veiði. Þetta eru lágmarkstölur því hluti merkja hafa eflaust ekki komið fram. Þá voru gerðar aldursrannsóknir á göngufiski. Rannsóknirnar hafa gefið mikilsverðar upplýsingar varðandi laxastofna á svæðinu og hvað sé vænlegast varðandi nýtingu þeirra og fiskrækt.

Vatnasvæði Hróarholtslækjar.

Haldið var áfram rannsóknum á vatnasvæði Hróarholtslækjar í Flóa. Athugaður var seiðapættleiki og leitað leiða til að auka veiðihlunnindi vatnasvæðisins. Rannsóknirnar eru unnar fyrir Veiðifélag Flóamanna.

Lífshættir sjóbirtings.

Veiðimálastofnun hefur árlega frá árinu 1985 kannað lífshætti sjóbirtings en hann hefur til skamms tíma lítið verið kannaður. Rannsóknirnar hafa einkum farið fram í ám á vatnasvæði Skaftár í Vestur-Skaftafellssýslu. Á árinu voru gerðar seiðakannanir á vatnasvæði Skaftár en auk þess í nokkrum fleiri ám. Þá voru aldursgreind hreistur af fullorðnum fiski. Veiði á sjóbirting var áfram fremur treg á árinu. Fyrirhugað er að gera frekari könnun á ástæðum minnkandi veiði.

Úttekt á fiskræktar- og fiskeldismöguleikum í Skaftárhreppi.

Á árinu hófust athuganir á möguleikum til fiskræktar og fiskeldi í Skafárhreppi. Verkefnið er unnið fyrir atvinnumálanefnd Skaftárhrepps. Markmið verkefnisins er að afla þekkingu manna á nytiafiskum og lífríki í ám, vötnum og í fiskeldi.

Á árinu 1991 gerði Veiðimálastofnun athugun á nokkrum vötnum í byggð og á afréttum. Einnig voru gerðar rannsóknir á nokkrum ám. Í vatnarannsóknunum var aflað gagna á vettvangi í eftirfarandi vötnum: Mjóásvatni, Fljótsbotni, Eyjalóni og Systravatni sem eru í byggð og Langasjó, Faðralóni, Kvíslarlóni og Blautulónum sem eru á Skaftártungvafrétti. Auk starfsmanna Veiðimálastofnunar unnu starfsmenn fiskeldisbrautar FSU á Kirkjubæjarklaustri og landeigendur að verkefninu.

Á svæðinu eru 57 vötn stærri en 10 ha. Flest þeirra eru á afréttum eða 43 en í byggð eru 14 vötn. Mörg vatnanna eru smá. Um 75 % eru minni en 40 ha og aðeins eitt (1,8%) er stærra en 140 ha.

Í Mjóásvatni í Alftaveri og Systravatni við Kirkjubæjarklaustur fengust eingöngu urriðar, en í báðum vötnunum er einnig áll. Sleppingar urriða í Mjóásvatn hafa skilað árangri en vatnið var nær fisklaust fyrir. Vötnin virðast frjósöm og henta urriða vel. Nýting vatnanna er líklega best með stanqveiði samhliða netaveiði.

Í Fljótsbotni, og Eyjalóni fengust eingöngu bleikjur. Fljótsbotn er þétt setinn gamalli og fremur hægvoxta bleikju. Hluti þeirra er af þokkalegum gæðum. Fækkun bleikju í vatninu myndi væntanlega bæta ástand stofnsins. Í Eyjalóni eru stórvaxnar hraðvaxta bleikjur í góðu ástandi. Vatnið virðist geta borið meira á fiski og er ráðlagt að sleppa í það bleikjuseiðum.

Í Langasjó og í Faðralóni (við Langasjó) fengust eingöngu urriðar. Vötnin voru fisklaus fram til 1984 að sleppt var urriða. Langasjó er langstærsta vatnið á svæðinu, 2.570 ha. Ástand urriðans var almennt gott en vöxtur var betri í Faðralóni. Vötnin gefa ákveðna möguleika til sölu stanqveiðileyfa.

Í Kvíslarlóni og Blautulónum, sem eru smávötn á Skaftártungvafrétti, eru eingöngu bleikjur. Blautulón voru fisklaus fram til um 1970, en þá var sleppt bleikjuseiðum.

Lónin eru nú ofsetin smárri bleikju. Hugsanlega má bæta ástand bleikjunnar í vatninu með grisjun en slíkt krefst mikillar vinnu. Kvíslarlón var einnig fisklaust en þar er nú bleikja í þökkalegu ástandi.

Rannsóknir voru gerðar á eftirtöldum ám: Laxá, Brúará, Grenlæk, og á Vatnasvæði Skaftár. Í Laxá og Brúará voru könnuð lífsskilýrði ofan ófiskgengra fossa og einnig gerðar seiðarannsóknir á fiskgengum svæðum. Í Grenlæk voru gerðar seiðarannsóknir og einnig á vatnasvæði Skaftár, en þar voru auk þess athugaðir möguleikar til fiskræktar á ófiskgengum svæðum.

Hluti af fiskræktarverkefninu er að kanna ál og möguleika til álaveiða. Framkvæmd álarannsóknna hefur einkum verið í höndum Fiskeldisbrautar FSU á Kirkjubæjarklaustri, í samvinnu við Veiðimálastofnun og landeigendur. M.a. sá Veiðimálastofnun um aldursgreiningu á álum. Frekari álarannsóknir verða gerðar í sumar.

Fyrirhugað er að halda vatnarannsóknnum áfram á næsta sumri. Þá verða fleiri vötn og ár athugaðar. Einnig er fyrirhugað að gera frekari rannsóknir í ánum og að kanna sérstaklega minnkandi sjóbirtingsgæð.

Hafbeit á sjóbirting og sjóbleikju í Dyrhólaós.

Vorið 1989 hófst tilraun með hafbeit á sjóbirting og sjóbleikju í Dyrhólaósi í Vestur-Skaftafellssýslu. Að tilrauninni standa, Dyrhólalax h/f og Veiðimálastofnun. Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði ríkisins. Verkefnið hefur verið unnið í samvinnu við Dyrhólalax og vistfræðideild og eldisdeild Veiðimálastofnunar. Meginmarkmið verkefnisins er að kanna hvort grundvöllur er fyrir hafbeit á sjóbirting og sjóbleikju. Jafnframt er lögð áhersla á að kanna lífshætti tegundanna á svæðinu.

Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir gefa til kynna mjög góðan vöxt sleppifiskjar hjá báðum tegundum. Heimtur á eftir eitt sumar í sjó hafa verið allgóðar. Í sumar heimtist töluvert af bleikju frá sleppingum 1990, en litlar heimtur hafa verið á sjóbirting eftir 2 sumar í sjó. Fæðurannsóknir benda til að fæðuframboð í ósnum og í sjónum úti fyrir sé mikið og þær dýrategundir sem þar er að finna henti tegundunum vel. Fyrirhugað er að ljúka verkefninu í vor.

Önnur verkefni.

Á síðastliðnu ári var haldið áfram átaki vegna silungsveiða í vötnum. Starfið fólst einkum í ráðgjöf og rannsóknum varðandi nýtingu vatnanna og leiðbeiningar um meðferð á afla. Í Apavatni voru fiskstofnar kannaðir með tilraunaveiðum og framkvæmdar merkingar á bleikju í ám sem falla í vatnið. Í Oddnýjartjórn í Myrdal voru rannsakaðar bleikjur sem landeigendur höfðu veitt.

Tafla 1. Veiðivötn á Suðurlandi sem hafa verið athuguð árið 1991.

Straumvötn	Stöðuvötn
Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár (8 ár)	Apavatn
Vatnasvæði Skaftár (10 ár)	Oddnviartjörn
Búará-Laxá	Mjóasvatn
Grenlækur	Fliótsbotn
Þjórsá	Eyjalón
Hróarholtslækur	Systravatn
	Lanqisjór
	Faqrálón
	Blautulón
	Kvíslarlón
	Veiðivötn (8 vötn)
	Dyrhólaós

Í Vatnsá, sem rennur úr Heiðarvatni í Mýrdal, var leiðbeint vegna sleppinga gönguseiða. Í Þjórsá og þverám var einnig leiðbeint vegna sleppinga gönguseiða og vegna gerðar laxastiga í fossinn Búða. Þá voru göngulaxar aldursgreindir og safnað örmerkjum af lögum úr seiðasleppingum á ófiskgeng svæði.

Í töflu 1 er skrá yfir þær ár og vötn sem athuguð voru árið 1991. Auk þessa sem upp er talið hefur verið unnið við ýmsa ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi fiskrækt og fiskeldi. Þar má nefna úrvinnslu gagna og leiðbeiningar varðandi gönguseiðasleppingar í Rangárnar og ráðgjöf og rannsóknir varðandi laxa-gönguseiðasleppingar í Dyrhólaós, en síðarnefnda verkefnið er unnið í samvinnu við eldisdeild Veiðimálastofnunar.

Frá árinu 1988 hefur deildin séð um söfnun og úrvinnslu á netaveiðiskýrslum í héraðinu. Skráning á laxveiði í net er víða góð þó hana megi bæta. Einkum berast skýrslur mjög seint, sem tefur mjög úrvinnslu þeirra. Jafnframt því að lögð er sérstök áhersla á að bæta skráningu og skil á skýrslum um laxveiði í net er unnið að því að koma skráningu á silungsveiði í net í betra horf en verið hefur.

Deildarstjóri Suðurlandsdeildar sótti á árinu fjölmarga fundi veiðifélaga og samtaka veiðieigenda á Suðurlandi og skýrði frá niðurstöðum rannsókna á viðkomandi félagssvæði. Á bleikjueldisnámskeiði á Hvanneyri var flutt erindi sem fjallaði um niðurstöður bleikjueldistilraunar á Suðurlandi og hafbeitartilraunir í Dyrhólaós. Þá var flutt erindi á bleikjuráðstefnu sem haldin var að Hólaskóla á sl. vori. Fjallað var um niðurstöður úr hafbeitartilraun með sjóbleikju og niðurstöður bleikjueldisverkefnis á Suðurlandi sem lauk árið 1990. Þá sat deildarstjóri í faghóp fiskeldishúss á RALA og í norrænni álanefnd, "Nordiska Alforskningsgruppen".

Ritaskrá 1991.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson. 1991. Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Rangánna. Veiðimálastofnun, VMST-S/91001: 26 bls.

Magnús Jóhannsson. 1991. Athugun á bleikju úr Lambavatni á Landbrotsafrétti. Veiðimálastofnun, VMST-S/91002: 4 bls.

Magnús Jóhannsson. 1991. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar 1990. Veiðimálastofnun, VMST-S/91003: 6 bls. Einnig: Ársrit Búnaðarsambands Suðurlands 1990: 107-112.

Magnús Jóhannsson. 1991. Tilraunaveiði á laxi á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár 1989 og 1990. Veiðimálastofnun, VMST-S/91004: 7 bls.

Magnús Jóhannsson. 1991. Fiskrannsóknir í Vatnsá 1990. Veiðimálastofnun, VMST-S/91005X. 14 bls.

Magnús Jóhannsson. 1991. Lífshættir Sjóbirtings. Á veiðum 8: 43-47.

Magnús Jóhannsson. 1991. Hróarholtslækur, fiskrannsóknir 1989 og 1990. Veiðimálastofnun, VMST-S/91007X: 12 bls.

Lárus Þór Kristjánsson og Magnús Jóhannsson. 1991. Hafbeit á bleikju í Dyrhólaósi. Erindi flutt á ráðstefnunni, Bleikja á Íslandi, Hólum í Hjaltadal 16.-18. maí 1991. Veiðimálastofnun VMST-S/91006: 12 bls.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson. 1991. Rangárnar : Metveiði gerð af mannahöndum. Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Rangánna. Veiðimaðurinn 139: 46-49.

Magnús Jóhannsson og Óskar Tsfeld Sigurðsson. 1991. Eldistilraunir á bleikju á Suðurlandi. Erindi flutt á ráðstefnunni, Bleikja á Íslandi, Hólum í Hjaltadal 16. - 18. Maí 1991.

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson. 1991. Veiðin í Rangánum 1990. Veiðimálastofnun, VMST-R/91003: 11 bls. Einnig Freyr.